

SIRRA SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR ALMANAK 09 SEPT - 02 OKT 2023



PORTFOLIO GALLERI

SIRRA SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR



ALMANAK



Almanak

Begar við stöndum frammi fyrir myndinni, stöndum við frammi fyrir tímanum.
(George Didi-Huberman)

Fyrst langar mig til að reyna að finna fyrir holrými áldósarinnar og myrkrinu þar. Holrými áldósarinnar sem pinhole myndavélin var búin til úr. Þetta myrkur varði jafn lengi töku myndarinnar, frá vetrarsólstöðum að vetrarsólstöðum, frá myrkri til myrkurs, en líka í gegnum órofa birtu sumarsins. Þetta myrkur var aðeins rofið af ljósi sem fann sér leið í gegnum örsmátt ljósopið. Ljósíð kemur, langt og mjótt, í gegnum holrúm tækisins og fellur á ljósnæma filmuna.

Þetta er ekki hvaða ljós sem er sem klýfur myrkrið, heldur ljós af sólu. Ólíkt því sem daglegur veruleiki flestra býður upp á, þar sem ljós af allskonar gerðum og uppruna keppir um athygli og getu augans, er hér aðeins ein tegund sem tekur yfir, allavega aðeins ein tegund sem er nógu sterk til að skilja eftir sig merki á filmunni. Sólarljósið fellur lögmálsbundið, þó íslenskt veður gefi oft góðar ástæður til að halda að svo sé ekki. Myrkrið vikir, lögmálsbundið fyrir ljósi og með því að það sker sér för í yfirborð filmunnar, verður ekki aðeins til mynd af náttúrulegum málinu, heldur líka mynd af staðnum þar sem myndavélin er. Aðeins nákvæmlega hér lítur gangur sólar svona út. Hér er því heimurinn mældur með ljósi í myrkri. Hér verður til staðsetning, skilgreind út úr myrkrinu (og orðið nærri því óþægilega stutt í biblíulegt tungumál um myrkur og ljós), er staðsetningin þó ekki aðeins fólgin í gangi sólar heldur verður til mynd, af dökku formum, trjám og himni.

Eitt af því sem Henry Bergson fann ljósmyndinni til foráttu var að sá eiginleiki hennar að einangra andartök úr flæði tímans kæmi í veg fyrir að hún gæti innihaldið upplýsingar um raunveruleikann, andartaksmyndir segðu okkur ekki neitt (eða allavega ekki neitt mikilvægt) þar sem raunveruleikinn er sífelld verðandi, raunveruleikinn á sér engin afmörkuð andartök. Síðan þá hefur andartak ljósmyndarinnar verið tekið til margskonar endurskoðunar. Í pinhole verkunum hér mætum við andartaki sem er eitt ár, afmarkað og skilgreint með vísun í atburð á almanaksárinu. Það er þó kannski mikilvæga (og hefði trúlega líka verið mikilvæga fyrir Bergson) að myndirnar innihalda endurtekningu, aftur og aftur ferðast sólarljósið eftir filmunni, og sker sig sífellt dýpra inn í yfirborðið. Það sem gerir endurtekninguna svona mikilvæga er að með henni heldur tíminn innreið sína inn í myndina, myndin verður mynd af tímanum. Að vera hér, aftur og aftur. Þannig verður staður til, með endurtekningunni, með því að einhver heimsækir hann aftur og aftur. Tíminn afmarkast ekki af endurtekningu daganna, heldur kemur endurtekningin skikki á hann, tíminn verður skynjanlegur sem líðandi, í gegnum endurtekningu. Tíminn sem er skráður í verkinu innihélt, meðan hann leið, ótal smáatriði og endalaus tilbrigði við veruleikann, en til þess að hann verði sýnilegur þarf að gera hann óhlutbundinn í framsetningu, að bjartri línu í

dökku yfirborði myndarinnar. Ljósíð í myndinni er afleiða af dögnum, dögum sem var varið á sama stað, aftur og aftur, og rétt eins og tíminn er þannig skilgreindur út frá stað, er staðurinn skilgreindur út frá tímanum og því hvernig hann er skrásettur.

Tíminn sem við stöndum frammi fyrir í verkunum er ekki aðeins okkar tími, heldur tími sem er löngu liðinn, tími sem vísað er til í gegnum aðferðafræði vísinda sem er gengin sér til húðar, í gegnum framsetningu á upplýsingum sem er fallin á tíma og hefur verið ýtt til hliðar. En einmitt þess vegna er hún mikilvæg hér, við sjáum/finnum/skynjun sólskinsstundirnar liðnar, en mikilvægar, án þess að skrásetningartæknin komi upp á milli okkar og þeirra. Við skiljum hlutinn í gegnum hann sjálfan um leið og við getum horft framhjá tilgangi hans (eins og Heidegger komst næstum því að orði). Hlutverk hlutanna hér er löngu fyrnt, og því getum við nálgast hlutinn sjálfan, aftur.

En það er einn hlutur í verkinu sem við sjáum ekki. Ljósnæm filman er ennþá svo áköf í að sinna hlutverki sínu, að skrásetja ljósið, að það verður að halda henni frá því, til þess að hún eyðileggi sig ekki, þurrki ekki út allar upplýsingar. Hún hefur verið stoppuð af hér, en biður þess að halda áfram, að færast nær og nær því að segja ekki neitt, að fylla endanlega upp í allar eyðurnar. Frá sólstöðum að sólstöðum er það sem við fáum aðgengi að, filman býður svo sem möguleiki á framhaldi.

Jóhannes Dagsson

Verk Sirru eru kosmísk í eðli sínu og tengjast gjarnan inn á vangaveltur um stöðu okkar inni í gangverki náttúrunnar, eðlisfræðinnar og þeirra afla sem halda heiminum gangandi. Þau framkalla oft stöðu okkar sem einstaklinga, vægi okkar og smæð þar sem hið smáa er sett í samhengi við það stærra og merking er yfirfærð frá einu fyrirbæri yfir á annað svo úr verður ný skynjun, ný sýn.

Sirra Sigrún Sigurðardóttir lauk BA námi frá Listaháskóla Íslands árið 2001 og MA í Art Practice frá School of Visual Arts í New York árið 2013. Hún er dósent og fagstjóri við Myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Sirra hefur meðal annars haldið einkasýningar í Listasafni Reykjavíkur, Nýlistasafninu, Hafnarborg og Kling & Bang og tekið þátt í samsýningum og verkefnum víða um heim, þar á meðal í Chinese European Art Center í Xiamen í Kína, Amos Andersons Konstmuseum í Helsinki í Finnlandi og í Tate Modern og Frieze Projects í London á Englandi. Sirra er einn stofnenda Kling & Bang í Reykjavík. Sirra var tilnefnd til Myndlistarverðlaunanna árið 2020 og hefur hlotið styrki og viðurkenningar úr listasjóðum Dungal, Leifs Eiríkssonar, Svavars Guðnasonar, Guðmundu Andrésdóttur og Guðmunduverðlaunin árið 2015.

Sérstakar þakkir: Joe Keys, Sigurður Óli Guðbjörnsson og Veðurstofa Íslands.



Almank. Vatnslitur á striga í birkiöskju,
365 cm, 34 x 42 cm, 2023



Sólbaugur. Æting (Photogravure) 14 x18 cm. 2023




Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suður. Æting (Photogravure) 18 x 22 cm birkiaskja 6,5 x 18 cm. 2023



Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Vestur. Æting (Photogravure) 18 x 22 cm birkiaskja 6,5 x 18 cm. 2023



Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suð-austur. Æting (Photogravure) 18 x 22 cm birkiaskja 6,5 x 18 cm. 2023



Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suður II.
Archival inkjet on Sihl MasterClass Satin Baryta Paper 295 gr., 80 x 67 cm, 2023

VERÐSKRÁ

Almank	1.400.000.-
Sólbaukur	280.000.-
Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suður	670.000.-
Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Vestur	670.000.-
Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suð-austur	670.000.-
Heiðmörk 21.12.2221 - 22.12.2022, Suður II	330.000.-



PORTFOLIO
GALLERÍ

HVERFISGATA 71 101 REYKJAVÍK GALLERÍ@PORTFOLIO.IS WWW.PORTFOLIO.IS